

FORSÆTISNEFND 14. júní 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um móttökureglur - R18100244

Við ákvörðun um opinbera móttöku segir í reglum að horfa skal til þess að tilefnið þjóni hagsmunum Reykjavíkurborgar og Reykvíkinga og/eða sé í samræmi við hlutverk Reykjavíkur sem höfuðborgar og í samræmi við samþykktu stefnumörkun, áherslur og forgangs röðun borgaryfirvalda. Þá skal horft til sjónarmiða um mannréttindi og samfélagslega ábyrgð við ákvörðun um opinbera móttöku. 3. gr. Borgarfulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um áætlaðan kostnað þessara viðburða/móttöku sem hér eru lögð fram og með hvaða hætti þær þjóna hagsmunum Reykjavíkur sem höfuðborgar sbr. reglur um móttökur. Um er að ræða: Höfða friðarsetur í samstarfi við Davis Center við Harvard háskóla; stjórnendur menningarhúsa í Skandinavíu og Kvennasmiðju. Eins er óskað eftir að betur sé gerð grein fyrir tilefninu. Í öllum tilfellum tekur Reykjavíkurborg á sig allan kostnað.